




Oddeyrarskóli Tengja

8. tölublað
skólaárið
2012-2013

Mars 2013

Myndlist í anda Vincent van Gogh

Börnin í 2. 3. og 4. bekk hafa að undanfögnu verið að vinna að verkefni sem tengist listasögu hjá Gígju myndlistarkennara. Þau hafa kynnt sér verk listamannsins Vincent van Gogh og vinna sérstaklega út frá sólblómamyndum hans. Á þessum myndum má sjá hluta afrakstursins.



Smiðjudagar í næstu viku

Dagana 13. og 14. mars verða smiðjudagar í Oddeyrarskóla.

Krakkar á yngsta stigi (1.-4. bekk) munu blandast saman í hóp og eins verður með nemendum 5.-10. bekkjar. Margt verður í boði þessa daga. Nú hafa nemendur valið sér fimm stöðvar. Veruleg vinna er alltaf vinsæl á svona dögum og eins er með alla hreyfingu. Nemendur geta t.d. valið að fara í sund (eldri hópur), tálga, fara í ljósmyndamaræðing, dagblaðaföndur, gera tilraunir, baka o.fl.

Fimmtudagurinn 14. mars er styttri dagur, en þá fara nemendur fyrir heim en venjulega.

Nánari upplýsingar munu berast frá umsjónarkennurum á næstu dögum.

Stóra upplestrarkeppnin

Undirbúningur fyrir stóru upplestrarkeppnina sem haldin er í 7. bekk hófst á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2012. Síðan þá hafa nemendur æft upplestur ýmissa texta. Forkeppni Oddeyrarskóla fór fram þann 26. febrúar 2013. Þá lásu nemendur valinn texta og ljóð að eigin vali. Þarna voru margir góðir lesarar á ferðinni og keppnin jöfn. Fulltrúar Oddeyrarskóla að þessu sinni voru Birta Júlía Þorbjörnsdóttir og Hákon Ingi Halldórsson. Varamður var Harpa Lís Þorvaldsdóttir.

Lokakeppni stóru upplestrarkeppninnar var haldin í Menntaskólanum á Akureyri miðvikudaginn 6. mars og stóðu fulltrúar okkar sig afar vel. Við óskum þeim innilega til hamingju með flottan árangur. Sigurvegari keppninnar kom að þessu sinni úr Brekkuskóla.





Á döfinni

13. og 14. mars:

Smiðjudagar í skólanum.

22. mars: Skautar og bingó. Síðasti kennsludagur fyrir páskafrí.

2. apríl: Kennsla hefst á ný eftir páskafrí.

9. apríl: Skíðadagur. Þá er öllum nemendum og starfsfólki boðið í Hlíðarfjall. Nánari upplýsingar verða sendar heim síðar.



4. bekkur í heimsókn á Amtsbókasafninu

Mánudaginn 4. mars gerðu nemendur 4. bekk sér lítið fyrir og gengu upp á Amtsbókasafn í stórhriðinni með Guðrúnu umsjónarkennara sínum og Þorgerði skólaliða. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um bókasafnið og möguleikana sem þar eru fyrir hendi. Herdís Anna barnabókavörður tók á móti þeim og sýndi þeim safnið og sagði frá starfsemi þess. Þau fóru á ýmsa staði sem við sjáum ekki dags daglega, m.a. í kjallarann og geymslur þar sem ýmis gömul gögn eru varðveitt. Einnig fengu þau verkefni þar sem þau æfðu sig að nota Gegni og vefinn timarit.is.



Leikskólabörn undirbúa komu sína í Oddeyrarskóla

Oddeyrarskóli og leikskólinn lðavöllur eru með samstarfsáætlun sín á milli þar sem koma leikskólabarnanna er undirbúin á skipulegan hátt. Þriðjudaginn 5. mars komu nokkrir flottir krakkar frá lðavelli til okkar og tóku kennarar og nemendur úr 1. og 7. bekk á móti þeim. Krakkarnir gengu um skólann, spiluðu, spjölluðu og lásu saman í heimsókninni. Hér má sjá nokkrar myndir frá heimsókninni, fleiri myndir eru á heimasíðu skólans.



Gleðilega páska!

